

## Minnisblað

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Efni:** Minnisblað um stöðu verkefnis um móttöku flóttafólks

**Dags:** 4. janúar 2023

**Málsnúmer:** 202208758/10.14

**Sendandi:** Sigurbjörg Fjölnisdóttir, Framkvæmdastjóri velferðarsviðs

### Forsaga:

Á fundi bæjarráðs Mosfellsbæjar 13. október sl. var lagt fram minnisblað undirritaðrar um stöðu vinnu vegna samræmdrar móttöku flóttafólks. Í því minnisblaði kom fram vilji sveitarfélagsins til að ganga til samninga en til þess þyrfti annars vegar að tryggja stuðning við börn í skólum sem og að gera breytingar á húsnæðisþætti samningsins. Bókaði bæjarráð á þeim fundi að fela bærarstjóra og framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs að vinna áfram að málinu í samstarfi við ráðuneytið og eftir atvikum önnur sveitarfélög.

### Greinargerð:

Bærarstjóri ásamt undirritaðri funduðu í september með félagsmálaráðherra um mögulegan samning um samræmda móttöku þar sem áhyggjur sveitarfélagsins um þær skyldur sem væru lagðar á sveitarfélög að afla húsnæðis fyrir flóttafólk væru settar fram. Einnig komu fram áhyggjur gagnvart vanfjármögnun vegna stuðnings við flóttabörn í skólum.

Á þeim tíma sem hefur liðið frá síðasta minnisblaði sem lagt var fyrir hefur mennta- og barnamálaráðuneytið lagt fé til stuðnings sveitarfélaga þar sem börn á flótta eru búsett. Að auki hefur félags- og vinnumálaráðuneytið breytt kröfu til sveitarfélaga, samkvæmt meðfylgjandi kröfulýsingu, um húsnæðisöflun á þann hátt að hafi sveitarfélagið reynt til þrautar að útvega húsnæði má leita til ríkisins um stuðning vegna þess.

Samkvæmt framansögðu eru ekki sömu hindranir í vegi fyrir því að ganga inn í samtal um að undirrita samkomulag um samræmda móttöku flóttafólks í Mosfellsbæ.

*Virðingarfyllt,  
Sigurbjörg Fjölnisdóttir*

### Fylgiskjal:

- Uppfærð kröfulýsing frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti
- Minnisblað framkvæmdastjóra velferðarsviðs dags. 7. október 2022